

Verkefnisfundur 2 á Stiklastöðum í Þrændalögum. 2. - 5. maí 2012

Kristín Petra, Ketill og Jóhannes.

Rútan frá Dalvík fór aukakrók þannig að Ketill var heldur seinn að VMA. Kristín hirti hann upp og þau brunuðu á Akureyrarflugvöll. Flugíð fór um kl. 8.30 eða rétt eftir að þau innrituðu sig. Jóhannes var í Reykjavík hafði farið þangað á mánudegi að fylgja fótboltamanni á leið til Slóveníu.

Flugíð frá Akureyri lenti 9.20 og Jóhannes hitti Ketil og Kristínu á flugvellingum og við ókum saman á bílaleigubíl til Keflavíkur. Casper er vinur Ketils og Hildar og er kvæntur vinkonu Hildar. Þau voru fyrir norðan en hann var að fara á undan til Danmerkur. Flugíð hans fór seinna en okkar en hann fékk far með okkur til Keflavíkur.

Bensín í Njarðvík og skila bílaleigubílnum, Ketill var búinn að innrita okkur á netinu og vélarnar prentuðu út borða til að setja á töskurnar. Vopnaleit og smá friðhöfn. Það var allt í lagi með tímann sem við höfðum en samt var ekki neinn tími umfram.

SAS vélin til Oslo fór af stað mjög nálægt réttum tíma 11.35.

Ketill hafði auðvitað sett okkur við neyðarútgang og mikið pláss.

SAS flugíð var þægilegt og við lentum á áætlun um kl. 16.15 á norskum tíma.

Vélinni var ekki lagt við landgang heldur fórum við um tröppur í rútu og svo inn í flugstöðina. Líklega voru talsverðar framkvæmdir við flugstöðina og mjög miklar framkvæmdir á flugvellingum sjálfum. Það var dásamlegt veður á Gardermoen, hlýtt og sólskin. Fengum töskur fljótt og fórum út og svo upp til að fara í innanlandsflugíð. Aftur afgreiðsluvélar og vopnaleit.

Flugíð fór á réttum tíma frá Gardermoen til Þrándheims um kl. 17.30.

Þar hittum við Tönju og Beatrice frá Finnlandi, þær voru á leið á sama fund og við.

Það voru örfáir í vélinni. Flugíð til Værnes flugvallar við Þrándheim tók 65 mínútur og við fengum töskurnar um leið og gátum komist í lest 18. 43 en höfðum ekki átt von á því. Tanja borgaði lestarmiðana okkar vegna þess að Jóhannesi tókst ekki að nota VMA kreditkortíð, líklega bara klaufaskapur.



Kirkja á Stiklastað.

Lestarstöðin við Værnes var mjög furðuleg, niðurgráfin og illa merkt og leit eiginlega kki út fyrir að vera í notkun. Það voru vinnuvélar við teinana, eitt spor og allt frekar rykugt. Lestin kom samt.

Lestarferðin tók um 70 mínútur og svo tókum við leigubíl frá lestarstöðinni í Verdal að hótelinu á Stiklastöðum. Það er bara stutt leið, nokkrir km.

Við komum nákvæmlega í kvöldverðinn. Þar voru allir mættir nema Mireille frá Frakklandi en hún kom síðar um kvöldið.

Við sátum lengi við kvöldverð og svo í setustofu að spjalla um hitt og þetta.
Þátttakendur voru:

VMA á Akureyri: **Kristín Petra, Ketill og Jóhannes.**

Gower College Wales: **Caroline og Don.**

Riverside Training Hereford Englandi: **Philip og Stephen.**

Axxell Finnlandi: **Beatrice og Tanja.**

France Europea í Nantes Frakklandi: **Mireille.**

IFSAT Hollandi: **Bas og Maarten**

Skjetlein skóli rétt utan við Þrándheim Noregi: **Bente og Ingvild.**

Hótelið er nýleg bygging, talsvert sérstök utan og innan, lítur út fyrir að vera venjuleg timburmikil bygging að innan en herbergin eru mjög alþjóðleg og reyndar ljómandi góð. Að utan er byggingin að hluta til hefðbundin en hótélálman er mjög einföld að utan en í boga.



Vegna mistaka við bókun á hótelið voru Ketill og Jóhannes saman á herbergi fyrstu nóttina en fengu svo sitthvort herbergið. Rétt er að geta þess að í herberginu þeirra virkaði hárpurrkan mjög vel.

Fimmtudagur 3. maí 2012.

Fólk svaf yfirleitt vel og morgunverðurinn var fjölbreyttur og góður.

Við fengum fundaherbergið Nidaros með góðum myndavarp, interneti og öðru sem þurfti.

Fundirnir gengu vel. Fyrir hádegið var farið yfir ýmis praktísk mál og Philip byrjaði að skoða með okkur niðurstöður úr könnun meðal vinnustaða um það hvort og hvernig starfsfóstrar vinna á vinnustöðunum.
(Starfsfóstri = workmentor er einhver sem tekur nýliða að sér en er ekki endilega yfirmaður.)

Eftir góðan hádegisverð unnum við í hópum að því að sníða saman ýmis gögn um það að vera mentor og setja saman í fræðsluprógram fyrir verðandi starfsfóstra. Milli 16 og 17 kynntu hóparnir efnið. Það virtist hafa tekist nokkuð vel en þótt þarna væri komið fræðsluefni þurfti að snyrta og ritvinna það nokkuð og svo búa til námskeið úr því. Námskeið fyrir



verðandi starfsfóstra er aðalatriðið í verkefni. Við munum prufukeyra slíkt námskeið á haustönn 2012.



Philip í reyk í smiðjunni

Um kl. 17.20 fórum við af stað í gönguferð að bóndabæ í nágrenninu þar sem kennari við Skjetlein er bóndi og er með íslenska hesta og hænur og eitthvað af sauðfé. Hún tók á móti okkur og við skoðuðum okkur um, fengum kaffi í gamalli smiðu og nemandi úr Skjetlein kom og sagði frá sér. Hún hefur mjög mikinn áhuga á hestum og sérstaklega íslenskum hestum og langar til að fara til Íslands í þjálfun. Hún er í hestafræðinámi í Skjetlein og er sem lærlingur á bóndabýlinu.

Svo gengum við til baka og fengum lax í kvöldverð. Mikið er spjallað á kvöldin, um allt mögulegt en líka mikið um starf fólks og viðfangsefni verkefnisins.

Stiklastaðir er þekktur staður í sögu Noregs en þar fór fram Stiklastaðaorrusta árið 1030 og þar féll Ólafur Helgi Haraldsson þegar hann reyndi að ná aftur yfirráðum í Noregi. Þó hann hafi fallið virðist þessi orrusta hafa haft mikil áhrif á að Noregur varð kristið land og konungdómur festist í sessi. Í hótelinu er lítið safn með munum og eftirlíkingum frá víkingaöld. Þar er líka menningarhús með aðstöðu í kjallaranum fyrir leiklist og útisviði. Talsvert er af gömlum byggingum á svæðinu í kringum hótelið og rétt við hliðina er stór kirkja og kirkjugarður. Þar er líka stórt útisvið og bardaginn er settur á svið á sumrin með hljómsveitarundirleik.

Föstudagur 4. maí 2012.

Eftir vel útilátinn morgunverð var aftur fundur kl. 9 og við enduðum um kl. 16 með hádegishléi. Þennan daginn var mest unnið við að fjalla um allkyns formlegheit. Við afgreiddum dagsetningar á næstu fundum, námskeið í Frakklandi dagana 29. - 31. ágúst en þar verður farið í gegnum námskeið til að halda fyrir verðandi mentora og fjallað um það hvernig hægt er að aðlaga námsefnið og framsetningu þess að aðstæðum í hverju landi. workmentor.vma.is Einnig var rætt um fund í Finnlandi, 25. og 26. apríl 2013.

Við ræddum um höfundarréttarmál og um hvernig við gætum kynnt verkefnið.

Við tókum klukkutíma í að skrifa samantekin markmið við kaflana sem við höfðum tekið saman daginn áður og ákváðum hvernig yrði unnið að því að fullbúa lokauppkast að efninu. Hádegishlé byrjaði með myndatöku af hópnum. Þessar myndir notast í skýrslum um verkefnið því það þarf að sýna fram á að fólk hafi verið á staðnum. Einnig eru alltaf látnir ganga viðverulistar. Í hádegisverð var eins konar smásteik og risastór rjómaterta sem þessi fjórtán manna hópur borðaði bara helminginn af.

Rætt var um fjármál og ýmislegt fleira. Við fengum kynningu á prógrammi með atvinnulausum á veitingastað sem kallast Het Idee (The Idea) í Harderwijk í Hollandi. Bas Timmers sagði okkur frá sumarhúsinu sínu í Normandí og fleira var sýnt og fjallað um.



Þannig kynnist fólk bæði persónulegum högum hvers annars og einnig því sem það fæst við í störfum sínum. Við lukum fundinum um kl. 16. Fólk fór í ýmsar áttir, í gönguferðir þótt það væri skýjað og örlítil rigning. Einhverjir unnu í tölvupósti og fl.

Bas Timmers frá Hollandi verður 65 ára eftir tvær vikur og hann bauð öllum drykk og smá ost og fleira áður en við fórum í kjallarann og horfðum á danssýningu frá Nord Trøndelag Teater. Í kvöldmat var svínakjöt og sorbet á eftir. Alltof mikill matur og allir á blístri.

Laugardagur 5. maí 2012

Við fórum með leigubíl frá Stiklastað um kl. 5.45 að staðartíma til að ná lestinni kl. 6.03. Mireille kom með okkur því hún var með sama flugi milli Þrándheims og Osló.

Þessi lest var en sú sem við höfðum farið með frá flugvellið enda voru svefnvagnar og matarvagn með í för.

Lestin hefur líklega lagt af stað mun norðar í landinu. Við vorum komin á flugvöllinn um kl. 7.00 og flugið var ekki fyrr en 9.15 þannig að við biðum talsvert á vellið. Þetta er snyrtilegur flugvöllur og manni verður hugsað um Reykjavíkflugvöll og mannvirkin þar.

Í vélinni milli Þrándheims og Osló voru með okkur tvö íþróttalið. Annað var Stabæk karlalið sem hafði verið að spila við Rósenborg í Þrándheimi. Rósenborg vann 3-1 og er í öðru sæti en Stabæk er neðst. Hitt liðið var kvennalið Kattem sem var á leið til að spila við Röa. (laugardag og töpuðu 2-0 á útivelli). Kattem er í næst neðsta sæti.



Flugið með SAS til Oslo lenti þar rétt um kl. 10 og svo þurftum við að bíða heillengi því Ícelandair flugið okkar var ekki fyrr en 14.45. Við gátum ekki komið af okkur farangri fyrr en um kl. 12.30. Mireille átti flug mun fyrr en bauð okkur í kaffi á flugvellið áður en hún fór í gegnum vopnaleyfina.

Víuð spjölluðum um hvaðeina en loksins þegar við fengum að koma farangrinum af okkur fengum við okkur að borða. Svo var unnið í fundarboði fyrir fund með vinnustöðunum sem voru með nemendur í almennu vinnustaðanámi. Það fór svo að við gleymdum okkur og vorum næstum seinustu farþegarnir sem komu inn í vélina og hún var nánast full.

Flugið með Ícelandair til Íslands var á áætlun og við lentum kl. 15.25 í Keflavík. Það tók nákvæmlega tvær klst. að komast í gegnum friðhöfn, tollinn, með rútu á BSÍ og áfram á Reykjavíkflugvöll. Við vorum þar af leiðandi heldur sein þar, áttum að vera mætt 17.15 og vélina að fara kl. 17.45. Jóhann Gunnar (Brói) ber hinsvegar ábyrgð á því að vélina tafðist um 20 eða 25 mínútur því 2. flokkur karla frá Akureyri handboltafélagi vann Íslandsmeistaratið eftir framlengdan leik og þeir komu beint af vellið í flugvélin. Góð stemmning og menn voru enn í búningunum.

Á Akureyrarflugvelli endaði sameiginlegt ferðalag. Kristín og Jóhannes óku á Brekkuna en Ketill átti eftir ferðalag til Dalvíkur.

Við vonum það einhver hafi gaman af svona ferðasögu, en ef ekki, þá má hugga sig við að okkur fannst ferðin takast vel og skila því sem til stóð.